

Lög foreldrafélags Sjálandsskóla

1. grein

Félagið heitir Foreldrafélag Sjálandsskóla. Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans.

2. grein

Markmið félagsins er að:

- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- efla og stuðla að góðu samstarfi foreldra og starfsfólks skólans.
- styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

3. grein

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:

- styðja og halda utan um starf bekkjarfulltrúa í hverjum bekk.)
- koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál.
- standa að upplýsingamiðlun til foreldra með aðstoð bekkjartengla, birta fundargerðir og ársskýrslur á heimasíðu skólans.)
- veita skólayfirvöldum lið svo að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði sem bestar.
- taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög, svæðaráð og landssamtök foreldra.

4. grein

Stjórn félagsins skipa 5-7 foreldrar/forráðamenn. Stjórn skal kjörinn til tveggja ára í senn, þrír stjórnarmenn annað árið en tveir hitt árið. Stjórnin skiptir með sér verkum, auk formanns skal stjórnin skipuð varaformanni, ritara, gjaldkera og a.m.k. einum meðstjórnanda).

5. grein

Bekkjarfulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins sem setur þeim starfsreglur. Bekkjarfulltrúar mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hvernar bekkjardeildar með nánu samstarfi við umsjónarkennara. Stjórn foreldrafélagsins ber ábyrgð á, í samstarfi við skólastjórnendur og kennara, að í upphafi skólaárs séu kosnir tveir til þrjú fulltrúar forráðamanna úr hverri bekkjardeild til tveggja ára í senn. Í fyrsta bekk eru tveir eða einn kosnir til tveggja ára og einn til eins árs til að stuðla að því að allir hætti ekki á sama tíma.

6. grein

Aðalfundur skal haldinn í upphafi hvers skólaárs. Stjórnin boðar til fundarins með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni fundarins og lagabreytingartillögur.

Verkefni aðalfundar:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Skýrslur nefnda (ef starfandi)
- Lagabreytingar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Kosning fulltrúa í stjórn foreldrafélags
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Önnur mál

7. grein

Stjórn foreldrafélagsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefnda og setur þeim erindisbréf.

8. grein

Fulltrúaráðið (bekkjarfulltrúar) skal koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á skólaári og oftast ef þurfa þykir. Fyrsti fundur skal haldinn í upphafi skólaárs. Stjórn foreldrafélagsins undirbýr og boðar til þessara funda. Þar skulu rædd mál er varða markmið og starf foreldrafélagsins, starf

foreldra og verkefni bekkjarfulltrúa. Fulltrúaráð skal aðstoða stjórn félagsins í stærri verkefnum.

9. grein

Stjórn foreldrafélagsins skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

10. grein

Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er innheimt árlega og ákveðið á aðalfundi.

11. grein

Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á stjórnarfundum og renna þá eignir þess til skólans.

12. grein

Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.

Samþykkt á fundi aðalfundi foreldrafélags Sjálandsskóla 11. október 2005

Breytingar samþykktar á aðalfundi foreldrafélags Sjálandsskóla 02. Október 2020